12. fundargerð stjórnar Minjasafnsins á Akureyri 11. febrúar 2020.
Fundur haldinn í Aðalstræti 58 15:15-17:30
Fundinn sátu: Sigfús Karlsson, Elísabet Ásgrímsdóttir, Inga Elísabet Vésteinsdóttir, Þorsteinn Krüger, Haraldur Þór Egilsson safnstjóri, forföll boðaði Sigríður Rósa Sigurðardóttir.

1. **Fundargerð fyrri fundar, 19.12.2019 lesin og samþykkt.**

2. **Starfsemi safnsins.**
   Safnstjóri kynnti starfsemi safnsins milli funda.
   Góð og mikil aðsókn var að safnfræðslu fyrir jólin og hefur aldrei verið fjölmennara. Fín aðsókn var að jólasýningu safnsins.
   Í kjölfar hennar var sett upp í suður sal safnsins örsýningin Viltu poka, þar sem innkaupapokar úr verslunarsögu Akureyrar voru sýndir á nýstárlegan hátt. Sýningin hefði þurft að standa lengur en 4 vikur. Á eftir henni hefur verið sett upp greiningarsýning á ljósmyndum Þekkir þú fólkið, staðinn, tímann…. Sýndar eru 165 ógreindar ljósmyndir og hafa viðbrögð við sýningunni verið góð.
   Unnið er að sýningunni Tónlistarbærinn Akureyri sem verður að óbreyttu opnuð á skírdag. Þá er Ragna að vinna að nýrri útgáfu af sýningunni Land fyrir stafni úr Schulte kortasafninu.

   Bókanir hópa fyrir sumarið er góðar og hefur aldrei staðið betur á sama tíma.

   Töluverður undirbúningur hefur átt sér stað til að safnið geti tekið við launafærslu og útborgun launa frá Akureyrarbæ. Vinnan hefur legið hjá safnstjóra en að mestu hjá Hönnu Rósu og fór fram fyrsta útborgun 1. febrúar.

   Endurmenntun starfsfólks hefur verið með miklum blóma. Starfsfólk safnsins fór á tvenn námskeið. Annars vegar heilsdags námskeið hjá Natalie Jacqueminet forverði um varðveislu safngripa og náttúruvá og hins vegar tveggja daga námskeið í skráningu í sarp hjá Þorvaldi Böðvarssyni fagstjóra skráningar hjá Þjóðminjasafni Íslands og Cecilie Gaihede fagstjóra Rekstrarfélags Sarps. Fyrirhuguð er ferð starfsfólks til Amsterdam þar sem valin söfn eru heimsótt og til að skoða sýningar og kynnast hollensku samstarfsfólki.

   Safnstjóri kynnti gestatölur ársins 2019. Gestir safnsins voru 41.965 og hafa aldrei í sögu safnsins verið fleiri. Örlítil fækkun er í Laufási þar sem gestir voru 18.194 og á Minjasafninu þar sem gestir voru 14.981. Gestum fjölgar í Nonnahúsi um 1000 og voru þeir 5.923 þá voru gestir Davíðshúss fleiri en áður eða 850. Leikfangahúsið bættist við á árinu og voru gestir þar 2017 talsins og hafa aldrei verið fleiri. Athygli vekur að nærri 10% gesta kemur í gegnum safnfræðslu safnsins en þar er tekið á móti hópum á öllum skólastigum og nú hafa ýmis félagasamtök og eldri borgarar bæst við.

3. **Umsóknir um styrki**
   Styrkur fékkst úr Safnasjóði vegna símenntunar 2020 og nemur hann 900.000 kr.
   Styrkur úr var veittur til safnsins úr Uppbyggingarsjóði Eyþings upp á 250.000 kr vegna viðburða í tengslum við sýninguna Tónlistarbærinn Akureyri; Örlítið meiri diskant. Úr sama sjóði voru veittar 500.000 kr í viðburðaröðina Allar gáttir opnar í Davíðshúsi.
   Sótt hefur verið um símenntunarstyrk til starfsmenntunarsjóðs Kjalar.

4. **Skýrsla RHA – Samstarf safna – ábyrgðarsöfn**
   Skýrslan lögð fram til kynningar og urðu góðar umræður um innihald hennar. Þar kemur m.a. fram sterk staða safna og menningarminja gagnvart ferðamönnum sem sýna menningararfinum mikinn áhuga, ekki síst torfhúsum og staðarmenningu.

5. Viðauki við þjónustusamning við Akureyrarbæ

Lagður fram viðauki við þjónustusamning við Akureyrarbæ sem Akureyrarstofa samþykkti á fundi 6. febrúar s.l. vegna breytinga á 6. grein þjónustusamningsins þess efnis að Minjasafnið taki að sér að greiða laun starfsmanna og alla launavinnslu sem því fylgir. Þá verða framlög Akureyrarbæjar greiddar í 8 jöfnum greiðslum frá janúar-ágúst.
Samþykkt samhljóða.

6. Safnastefna Akureyrar

Kynnt bókun stjórnar Akureyrastofu stofu frá 6. febrúar s.l.:
„Stjórn Akureyrarstofu samþykkir að hefja samtal við aðra stofnaðila Minjasafnsins um að kannaður verði fýsileiki þess að sameina sögu- og minjasöfn sem eru að verulegu eða öllu leyti fjármögnuð af Akureyrarbæ og/eða varðveita mikilvæga sögu bæjarins.“

Stjórn Minjasafnsins Akureyri fagnar öllum umleitunum til eflingar safnastarfs á svæðinu og hlakkar fá efni væntanlegrar stefnu til yfirlestrar.

7. Önnur mál

i. Menningarsamningur. Sigfús, formaður stjórnar, kynnti undirbúningsfund sem fór fram í janúar vegna endurskoðun á menningarsamningi Akureyrarbæjar og Mennta- og menningarmálaráðuneytis þar sem málefni skáldahús eru m.a. á dagskrá.

ii. Almannavarnir – Blue Shield.
Safnstjóri kynnti verkefnið Blue Shield og fund sem fór fram samhliða námskeiði um forvörslu safngripa. Á honum kom fram að á landsvísu er menningarminjar ekki að finna í áætlunum Almannavarna þeirra þegar kemur að náttúruvá. Í þau skipti sem snjóflóð hafa fallið nærri Laufási hafa engar upplýsingar borist frá almannavörnum heldur Ríkisútvarpið. Safnstjóra falið að skoða stöðu mála varðandi menningarminjar í umsjón safnsins.

iii. Skráning réttmætra eigenda safnsins. Unnið er að skráningu skv. ábending frá endurskoðendum sem þarf að ljúka fyrir 1. mars. Þó er ekki alveg ljóst hvort söfn í eigu sveitarfélaga þurfi að gera það.

Fundargerð ritar HÞE